

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 89/2003

frá 11. júlí 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2003 frá 20. júní 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/2/EB frá 6. janúar 2003 varðandi takmarkanir á sölu og notkun arsens (tíunda aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 76/769/EBE) ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/5/EB frá 10. janúar 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virka efninu deltametríni ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XV. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 76/769/EBE):
„- **32003 L 0002**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/2/EB frá 6. janúar 2003 (Stjtið. EB L 4, 9.1.2003, bls. 9).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE):
„- **32003 L 0005**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/5/EB frá 10. janúar 2003 (Stjtið. EB L 8, 14.1.2003, bls. 7).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 9.10.2003, p. 27 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 51, 9.10.2003, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 4, 9.1.2003, bls. 9.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 8, 14.1.2003, bls. 7.

2. gr.

Texti tilskipana 2003/2/EB og 2003/5/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. júlí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júlí 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Prins Nikulás af Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.